

60 AUGLÝSING um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins
30. ágúst á heilbrigðissamþykkt fyrir Borgarneshrepp.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10 nóv. 1905 um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög, er hjer með staðfest eftirfarandi

HEILBRIGÐISSAMÞYKKT

fyrir

Borgarneshrepp.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Heilbrigðissamþykkt þessi gildir fyrir Borgarneshrepp.

2. gr.

Sýslumaðurinn í Mýrasýslu er formaður heilbrigðisnefndarinnar, auk hans eiga sæti í nefndinni 2 af íbúum hreppsins. 1 kosinn af hreppsnefnd og 1 af sýslunefndinni til 3. ára. — Formaður kveður til fundar, er honum þykir þurfa eða hinir nefndarmennirnir óska þess, eða hjeraðslæknir krefst þess. Nefndin skal halda fundarbók og innfæra í hana allar athugasemdir sínar og tillögur.

Nefndin skiftir störfum með sjer eftir því sem henni þykir best henta.

Hjeraðslæknir á heimtingu á að sitja á nefndarfundum og skal formanni skylt að gjöra honum aðvart um fundarhöldin.

3. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gætur á því að fyrirmælum heilbrigðissamþykktarinnar sje hlýtt og hún sje haldin í öllum greinum. Nefndinni skal heimilt að láta rannsaka alt það, er samþykktin ræðir um og þýðingu hefir fyrir heilsu manna, hvort heldur er á almanna-færi eða á lóðum þeim, er einstöku mönnum eða fjelögum tilheyra. Alt það er nefndin finnur aðfinsluvert, skal hún innfæra í fundarbókina og síðan skriflega skipa þeim, er í hlut á, fyrir um, hvað beri að gjöra til umbóta. Sjerhverjum hús og lóðareiganda er skylt að þrifa sína lóð á sinn kostnað og hlýta fyrirmælum heilbrigðisnefndar ef henni finst eitthvað vangjört.

4. gr.

60

30. ágúst

Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlega einhverja heilbrigðisráð-
stöfun eða þrífnaðarbót, sem hefir í för með sjer útgjöld, og er þess
eðlis, að ekki er unt að heimta af neinum sjerstökum lóðar- eða
húsráðanda að kosta hana eða framkvæma, þá skal nefndin leggja
það mál fyrir hreppsnefnd og fara fram á, að hún veiti fje úr
sveitarsjóði.

Vilji hreppsnefndin ekki veita fjeð, má skjóta því máli til sýslu-
nefndar til úrskurðar.

II. KAFLI.

Um fráráslu, vatnsból og mógrafir.

5. gr.

Eldhúss- og þvottaskólp og önnur óhreinindi má ekki láta síga
ofan í jörð svo nærri íbúðarhúsum, að jarðvegurinn undir húsunum
saurgist, heldur skal veita skólpinu burt frá húsinu í lokuðum ræs-
um í sjóinn, eða svo langt, sem heilbrigðisnefndin telur nauðsynlegt.
Öll skólpræsi, hvort heldur á almannaferi eða einstakra manna eign,
skulu vera svo víð og hallajöfn, að hvergi standi í þeim pollar. Und-
antekning frá ræslugerðinni má heilbrigðisnefnd gera, ef viðkomendur
heldur kjósa að bera skólp svo langt burt, sem nefndin telur
hættulaust.

6. gr.

Ef ræsi er gert á opinberan kostnað, skulu þeir, er hús eiga
þar nærri, skyldir að gjöra skólpræsi hver frá sínu húsi út í það ræsi,
og skulu þau ekki miður gjörð en aðalræsið.

7. gr.

Öll vatnsból skal verja hverskonar óhreinindum. Er bannað að
láta í þau fara eða að þeim koma rensli úr skólprennum, forum, haug-
stæðum, salernum, sorp eða önnur óhreinindi og ekki þvo í þeim
eða fast við þau.

Bannað er að leggja húðir í bleyti í vatnsból, eða nærri þeim.

8. gr.

Brunna má ekki hafa nær haugum, forum eða salernum en svo,
að millibilið sje 12 metrar. Engan brunn má grafa nema í samráði
við heilbrigðisnefnd. Hún getur bannað að taka vatn úr brunnum
um stundarsakir, ef hún álítur vatnið óheilmæmt, og skipað fyrir um
að fylla brunna, sem ekki verður gjört við. Brunnar og vatnsþrær
sjeu bygðar eftir fyrirsögn og kröfum heilbrigðisnefndar,

60

30. ágúst

9. gr.

Verði vatnsleiðsla gerð í kauptúninu til almennings afnota, skal heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með og sjá um að vatnsþrær sjeu hreinsaðar nægilega oft og umbúnaður um þær sje góður.

10. gr.

Heilbrigðisnefndin getur heimtað af þeim, sem taka upp míc á því svæði, er samþykkt þessi nær yfir, að þeir veiti öllu vatni úr mógröfunum, eða moki ofan í þær, svo vatn standi ekki í þeim, og vanræki þeir þetta, skal hún annast um að það sje gjört á þeirra kostnað, yfir höfuð.

III. KAFLI.

Um peningshús, hauga og forir.

11. gr.

Heilbrigðisnefndin getur bannað að hafa stórgripi og sauðfje í íbúðarhúsum manna eða byggingum, sem eru áfastar við íbúðarhús.

12. gr.

Heilbrigðisnefndin skal segja fyrir um, hvar peningshús, haugstæði, haughús eða forir megi vera, og má enginn gjöra þau að nýju nema hann hafi fengið samþykki heilbrigðisnefndarinnar til þess og hlýti hennar fyrirmælum um frágang og tilhögun á þeim. Peningshús og haugstæði, sem eru eldri en þessi samþykkt, getur heilbrigðisnefnd heimtað að sjeu færð úr stað eða þeim breytt, ef að þeim er mikill óþrifnaður. Forir má því aðeins leyfa, að þær sjeu gerðar lagarheldar með steinlími og veggirnir minst 25 cm. upp úr jörðu, og yfir þeim sje svo sterkur hleri, að mönnum og skepnum sje engin hættu af þeim.

IV. KAFLI.

Um salerni og sorpkistur.

13. gr.

Sjerhverju húsi skal fylgja salerni og skal það vera með eins mörgum klefum eins og býli eru mörg í húsinu; þó má heilbrigðisnefnd veita undanþágu frá þessu, ef henni þykir ástæða til þess. Salernið skal þannig gjört, að gólfið sje steinsteypt, eða úr hefluðum og plægðum gólfborðum og liggi gólfið hærra en jarðvegurinn í kring. Saurkagginn skal vera vatnsheldur og ná fast upp að setunni.

Setuumbúnaðurinn skal vera laus, og alt skal þannig útbúið, að sem 60 auðveldast sje að sóttþreinsa salernið. Sje salernið úr steinsteypu, skal 30. ágúst kalka það að innan.

14. gr.

Við þau hús, sem ekkert salerni er nú, getur heilbrigðisnefnd heimtað af húseigendum eða umráðamönnum, að þau sjeu reist innan 6 vikna eftir að samþykkt þessi kemur í gildi, og sjeu salernin illa gjörð, svo að ekki sje auðvelt að halda þeim hreinum, getur heilbrigðisnefnd heimtað af húseigendum eða umráðamönnum, að þau sjeu gjörð að nýju á þann hátt, er segir í 13. gr. Hafa má salerni innanhúss í sjerstökum klefa, ef góður loftsúgur er í klefanum, og saurílátin tæmd daglega. Ef vatnsheld for er hjá húsi, má hafa salerni yfir henni, þannig, að saurindi fari jafnóðum í forina, en loft-ræsting skal þó vera góð í salerninu. Salernum skal jafnan halda vel hreinum og saurílát tæmd áður en þau fyllast.

15. gr.

Veitingamenn, kaupmenn og aðrir vinnuveitendur, skulu skyldir að reisa salerni til afnota fyrir viðskiftamenn sína og verkamenn og sjá um hæfilegan þrifnað á þeim, undir eftirliti heilbrigðisnefndar. Öllum mönnum, hvort heldur eru íbúar kaupsinsins eða aðkomumenn, er skylt að nota salerni til þarfinda sinna, og varðar það sektum, ef út af er brugðið.

16. gr.

Sorp-kista með því lagi, sem heilbrigðisnefnd fyrirskipar, skal fylgja hverju húsi. Í sorpkistuna skal láta alt sorp, rusl og ösku úr húsinu og flytja burtu, áður en hún fyllist. Heilbrigðisnefndin segir til um, hvert skuli flytja innihald sorpkistnanna og saurkagganna og hefir eftirlit með því, að ílát þessi sjeu tæmd nægilega oft; þyki henni vanræksla í þessu efni, getur hún látið gjöra það á kostnað húsráðanda. Ef hjeraðslæknirinn álítur nauðsynlegt vegna veikinda að strangt eftirlit sje með þessu, getur heilbrigðisnefnd ráðið sjerstakan mann til að hafa á hendi umsjón með hreinsun saurkagga og sorpkistna, eða jafnvel framkvæmd, og ákveðið honum þóknun fyrir það starf. Borgun fyrir þetta starf skal heilbrigðisnefnd innheimta hjá hverjum húsráðanda í hlutfalli við mannfjölda.

V. KAFLI.

Um matvæli.

17. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa eftirlit með því, að ekki sje höfð á boðstólum matvara, er sje svikin eða skemd, eða skaðleg heilsu manna. Ef nefndinni þykir þörf, getur hún látið rannsaka alla matvöru, sem seld er, og skal greiða kostnaðinn við þá rannsókn úr sýslusjóði.

Nú er það bersýnilegt, eða kemur í ljós við rannsókn, að einhver matvara er skemd og ekki boðleg til mannelis, og skal nefndin þá auglýsa það opinberlega og vara almenning við að nota vöruna til mannelis.

Sje varan svikin og skaðleg heilsu manna og skepna, getur nefndin bannað að selja hana að viðlögðum sektum. Kjöt af veikum skepnum eða sjálfdauðum má ekki selja til mannelis eða nota til fæðu.

VI KAFLI.

Um slátrun.

18. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa sjerstakt eftirlit með slátrun sauðfjár og stórgripa og líta eftir, að nauðsynlegs þrifnaðar sje gætt á sláturssvæðinu og í kring um það, og skulu allir, sem við slátrun fást, skyldir að hlýða fyrirmælum hennar í þessu efni, hvaðan sem þeir kunna að vera.

Gori og öðrum úrgangi sje safnað í vatnsheldar forir, er hvert sláturhús láti byggja og sjái sláturhússtjóri um tæmingu þeirra; skal blóði, sem ekki er notað, og skólpi frá sláturhúsunum, veitt í sömu for. Ekki má kasta hornum eða öðru rusli í sandinn eða flæðarmálið frá Brókarsundi vestur fyrir kaupfjelag.

19. gr.

Öllum sullum og meinum, sem og hausum af höfuðsóttarfje, skal safna í tunnu og síðan eyðileggja á þann hátt, er lög mæla fyrir.

20. gr.

Að lokinni sláturtíð, skal hreinsa slátursvæðið og flytja burt gor og önnur óhreinindi, er þar kunna að hafa safnast, en meðan á slátrun stendur skal daglega hreinsa sláturhús og sláturskygni, eftir því sem föng eru á og heilbrigðisnefnd kann að heimta.

VII. KAFLI.

Um íbúðarhús og skóla.

60

30. ágúst

21. gr.

Öll hús, sem notuð eru til íbúðar, skulu vera svo gjörð, að unt sje að halda þeim hreinum. Í hverju herbergi skal að minsta kosti einn gluggi vera á hjörum, sje ekki annar útbúnaður til loftræstingar, er heilbrigðisnefnd álitur nægja.

Ef íbúðarhús er svo illa gjört, hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefndin álitur hættulegt að búa í því, getur hún bannað það. Niðurgrafna kjallara undir húsum má ekki nota til íbúðar, nema með sjerstöku leyfi heilbrigðisnefndar.

22. gr.

Heilbrigðisnefndin skal skoða öll skólahús og kenslustofur, hvort heldur er opinber eign eða einstakra manna, að minsta kosti tvisvar á ári, í byrjun skólaárs og á því miðju.

23. gr.

Hver kenslustofa skal vera svo stór, að 2,5 teningsmetrar komi á hvern nemanda að minsta kosti.

Í kenslustofum skal á hverjum degi þurka öll borð og bekki með votum klút áður en kensla byrjar og þvo gólfíð, en sópa það aldrei, nema það sje oliuborið með skólagólf fernis (Dustless oil).

24. gr.

Verði heilbrigðisnefnd þess vör, að nemandi eða kennari hafi einhvern næman sjúkdóm, skal hún tilkynna það hjeraðslækni, og tilkynna nöfn og heimili þeirra, sem sjúkir eru. Álíti læknir þá, að um sótt næmishættu sje að ræða, getur heilbrigðisnefnd bannað að kennari eða nemandi komi í skólann meðan svo er.

VIII. KAFLI.

Um verslunarbúðir o. fl.

25. gr.

Verslunarbúðir, fundahús, og hús, sem notuð eru til skemtana, skulu þvegin hátt og lágt að minsta kosti einu sinni á ári, og gólf í skólum og fundahúsum á hverjum morgni, ef þau eiga að notast að deginum.

Verslunarbúðir sjeu ræstaðar eins oft og þurfa þykir og sjeu gólf þvegin að minsta kosti 1—2var í viku. Í verslunarbúðum, skólum og öllum þeim húsum, sem notuð eru til opinberra mannfunda, skulu vera nægilega margir hrákadallar, og vera vandlega hreinsaðir í hvert sinn, er húsin eru notuð. Nánari ákvæði um gerð hrákadalla

60 o. fl. setur heilbrigðisnefndin í hvert skifti. Verði kirkja bygð í kaup-
30. ágústtúninu, gilda hinar sömu reglur fyrir hana.

Í skólum, kirkjum og fundarhúsum, skal loftræsting vera svo sem heilbrigðisnefnd ákveður. ..

IX. KAFLI.

Um næma sjúkdóma.

26. gr.

Þá er lögskipuðum vörnum er haldið uppi gegn næmum sjúkdómi, skal heilbrigðisnefndin aðstoða hjeraðslækni við sóttvörnina.

Ef upp kemur alvarlega næmur sjúkdómur á því svæði, sem samþykktin nær yfir eða í nálægum sveitum, þá er heilbrigðisnefnd heimilt í samráði við hjeraðslækni að setja um stundarsakir strangari fyrirmæli, en í samþykkt þessari felast, um hreinlæti utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum og fleiru þess háttar.

X. KAFLI.

Um sektir o. fl.

27. gr.

Heilbrigðisnefnd skal fá allan útlagðan kostnað greiddan úr sveitarsjóði eftir gefnum reikningi. Rísi ágreiningur milli heilbrigðisnefndar og hreppsnefndar út af reikningum þessum, skal sýslunefnd skera úr málinu, en skyld skal hreppsnefnd að greiða fjeð um stund.

28. gr.

Ef menn brjóta samþykkt þessa eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það sektum frá 5—200 kr., er renna í sveitarsjóð.

Ef heilbrigðisnefnd vill heldur láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, þá er henni það heimilt á kostnað þess, er verkið átti að vinna, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, sem sekur er.

29. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 15. dag septembermánaðar 1927.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. ágúst 1927.

Jónas Jónsson.

Sigfús M. Johnsen.